

Leiðsögn - félag leiðsögumanna

Aðalfundur 12. apríl 2018

Tillögur um breytingar á reglugerð um sjúkrasjóð Leiðsagnar á aðlafundi 2018

(Breytingar feitletraðar. Brottfeldur texti er strikaður á gráum grunni, nýr texti feitletraður)

Reglugerð Sjúkrasjóðs ~~Félags~~ Leiðsagnar - stéttarfélags leiðsögumanna

1. gr. Nafn sjóðsins og heimili

1.1 Sjóðurinn heitir Sjúkrasjóður ~~Félags~~ Leiðsagnar - stéttarfélags leiðsögumanna.

1.2 Sjóðurinn er eign **Leiðsagnar** og er heimili hans á skrifstofu félagsins.

4. gr. Stjórn og rekstur

4.1 Stjórn sjóðsins er stjórn ~~Félags leiðsögumanna~~ Leiðsagnar og ber stjórnin ábyrgð á öllum fjárreiðum sjóðsins. Heimilt er stjórn sjóðsins að skipa tveggja manna úthlutunarnefnd sér til ráðuneytis.

4.2 Stjórnun sjóðsins skal vera í samræmi við þau sjónarmið sem gilda skv. almennum stjórnsýslureglum.

4.3 Heimilt er að fela skrifstofu ~~Félags leiðsögumanna~~ Leiðsagnar eða öðrum aðila fjárreiður og umsjón með sjóðnum en halda skal halda bókhaldi sjóðsins aðskildu frá öðrum fjárreiðum ~~Félags leiðsögumanna~~ Leiðsagnar. Stjórn ~~Félags leiðsögumanna~~ Leiðsagnar ber ábyrgð á eignum og skuldbindingum sjóðsins en heimilt er stjórninni að fá utanaðkomandi aðila, ~~svo sem ALVÍB - Almenna lífeyrissjóð VÍB til að annast umsýslu og ávöxtun sjóðsins.~~

4.4. Stjórn sjóðsins skal gæta þess að höfuðstóll sjóðsins fari aldrei niður fyrir 60 milljónir króna.

4.5 Ávallt skulu liggja fyrir gögn um rétt einstaklings til greiðslu úr sjóðnum.

5. gr. Bókhald, reikningar og endurskoðun

5.1 Reikningar sjóðsins skulu lagðir fram áritaðir af félagslegum skoðunarmönnum og löggiltum endurskoðanda fyrir aðalfund ~~Félags leiðsögumanna~~ Leiðsagnar.

5.2 Endurskoðun ber að framkvæma af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi í samræmi við góða endurskoðunarvenju sem í gildi er á hverjum tíma.

5.3 Í ársreikningi eða skýringum með honum skal sundurliða sérstaklega kostnað vegna hvers og eins bótaflokks skv. 12.gr.

5.4 Um bókhald, reikninga og endurskoðun fer að öðru leyti skv. viðmiðunarreglum um bókhald og ársreikninga stéttarfélaga og landssambanda sbr. 3.mgr. 40.gr. laga ASÍ eins og þær reglur eru á hverjum tíma.

9. gr. Grundvöllur styrkveitinga úr sjúkrasjóði

9.1 Rétt til styrkveitinga úr sjóðnum eiga þeir sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum, sbr. þó 10. gr.

9.2 Einungis þeir sem greiða stéttarfélagsgjald til ~~Félags leiðsögumanna~~ Leiðsagnar.

9.3 Einungis þeir sem sannanlega greiða eða er greitt af til sjóðsins og verið er að greiða fyrir til sjóðsins þegar réttur til aðstoðar myndast **og sótt er um**

~~9.4 Einungis þeir sem~~ og greidd hafa verið fyrir 1.25% iðgjöld af launum til sjóðsins í a.m.k. 6 mánuði á síðast liðnum 18 mánuðum.

~~9.54~~ Hafi umsækjandi verið fullgildur aðili í sjúkrasjóði annars félags innan ASÍ þar til hann byrjar greiðslu til sjóðsins, sbr. 10. gr.

~~9.65~~ Hafi iðgjöld til sjúkrasjóðs ekki verið greidd vegna sjóðfélaga, en hann getur fært sönnur á, að félagsgjöld til viðkomandi aðildarfélags hafi samkvæmt reglulega útgefnum launaseðlum verið dregin af launum hans síðustu 6 mánuði, skal hann njóta réttar eins og iðgjöld til sjúkrasjóðs hafi verið greidd.

12. gr. Styrkveitingar

12.1 Dagpeningar í veikinda- og slysaforföllum í 120 daga (4 mánuði), að loknum greiðslum skv. veikinda- og slysaréttarákvæðum kjarasamninga. Dagpeningar skulu að viðbættum bóttum almannatrygginga, greiðslum úr slysatryggingu launafólks eða annarri lögbundinni tryggingu, ekki nema lægri fjárhæð en 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 12 mánuðum.

12.2 Dagpeninga í 90 daga (3 mánuði), að loknum kjarasamningsbundnum greiðslum launagreiðanda vegna langveikra og alvarlega fatlaðra barna. Greiðslur skulu ekki nema lægri fjárhæð m.v. starfshlutfall sjóðfélaga en 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 12 mánuðum. Með langveikum börnum er átt við börn undir 18 ára aldri sem greinast með alvarlegan og/eða langvinnan sjúkdóm og þarfnast sérstakrar umönnunar. Með alvarlega fötluðum börnum er átt við börn undir 18 ára aldri sem greinast með alvarlega greindarskerðingu, geðraskanir eða alvarlega líkamlega hömlun og þarfnast sérstakrar umönnunar.

12.3 Dagpeninga í 90 daga (3 mánuði) vegna mjög alvarlegra veikinda maka. Greiðslur skulu ekki nema lægri fjárhæð m.v. starfshlutfall sjóðfélaga en 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 12 mánuðum.

12.4 Eingreiddar dánarbætur við andlát virks og greiðandi sjóðfélaga sem nemi 266.700.- krónum m.v. starfshlutfall hans. Réttthafar bóta eru maki sjóðfélaga og börn hans undir 18 ára aldri. Láti sjóðfélagi hvorki eftir sig maka né barn undir 18 ára aldri gangi fjárhæðin til dánarbúsins. Bótafjárhæð miðast við launavísitölu pr. 31.12 2012 sem er 437,7 stig og tekur sömu breytingum og hún.

12.5 Dagafjöldi greiddra dagpeninga skv. 12.1 lið, til þeirra sem greitt er hlutfallslega lægra iðgjald af en **1,5-1,25%**, er heimilt að skerða í sama hlutfalli og iðgjaldið er lægra en **1,5-1,25%**.

12.6 Heimilt er að ákveða hámark dagpeninga skv. 12.1, 12.2 og 12.3 sem þó sé ekki lægra en 250.000.- á mánuði.

12.7 Réttur skv. 12.1, 12.2 og 12.3 endurnýjast á hverjum 12 mánuðum, hlutfallslega eftir því sem hann er nýttur, talið frá þeim degi sem dagpeningagreiðslum líkur hverju sinni og greiðslur iðgjalda hefjast að nýju.

12.8 Sjúkrasjóði er heimilt að taka þátt í eftirfarandi kostnaði

a) Líkamsrækt:

Endurgreiddur er kostnaður vegna heilsueflandi líkamsræktar, **allt að 10% af mánaðarlaunum í 4. launaflokki eða** að hámarki kr. **30.000 35.000** á hverju almanaksári. Einungis er greitt fyrir líkamsrækt sjóðsfélaga sjálfs.

b) Sjúkramedferðir:

Endurgreiddur er kostnaður vegna meðferða og/eða heilbrigðisþjónustu samanlagt að hámarki kr. **45.000 50.000** á hverju almanaksári fyrir eftirfarandi:

- Sjúkraþjálfun.
- Iðjuþjálfun.
- Sjúkranudd.
- Meðferð hjá kírópraktor.
- Sálfræðiþjónustu.
- Hjúkrunarmeðferð.
- Félagsráðgjöf.
- Stoðtækjaþjónustu.
- Göngugreiningu.

Meðferðin þarf að vera samkvæmt læknisráði **og framvísa skal beiðni frá lækni þar að lútandi**. Meðferðaraðili skal hafa starfsleyfi frá landlækni og meðferð falla undir löggildingu viðkomandi starfsstéttar.

c) Krabbameinsleit og hjartavernd:

Endurgreiddur er kostnaður að hámarki kr. **15.000 20.000** á hverju almanaksári fyrir krabbameinsleit.

d) Hjartavernd

Endurgreiddur er kostnaður að hámarki kr. ~~15.000~~ 20.000 á hverju almanaksári fyrir áhættumat vegna hjartasjúkdóma ~~hjá Hjartavernd~~.

e) Dvöl á heilsustofnun

Endurgreiddur er kostnaður vegna dvalar til endurhæfingar að læknisráði hjá viðurkenndri heilsustofnun innanlands. Hámarksgreiðsla er kr. ~~40.000~~ 50.000 á þriggja ára fresti.

f) Gleraugu og augnaðgerðir

Endurgreiddur er einu sinni kostnaður vegna laseraðgerða á öðru auga kr. ~~40.000~~ 45.000 eða kr. ~~80.000~~ 90.000 á báðum augum.

Endurgreiddur er kostnaður vegna linsu- eða gleraugnakaupa (glerjum og umgjörð) að hámarki kr. ~~40.000~~ 45.000 einu sinni á þriggja ára fresti.

Ekki er endurgreitt fyrir laseraðgerðir og gleraugu hjá sama sjóðsfélaga á sama almanaksári.

g) Heyrnartæki

Endurgreiddur er kostnaður vegna kaupa á heyrnartækjum að hámarki kr. ~~40.000~~ 45.000 einu sinni á þriggja ára fresti.

h) Tannviðgerðir

Endurgreiddur er kostnaður vegna tannviðgerða sem nemur 40% af heildarkostnaði sé hann hærr en kr. ~~100.000~~ 80.000 á hverja umsókn. Endurgreiðsla er kr. ~~40.000~~ 60.000 að hámarki á hverju almanaksári. Reikningar mega vera allt að 12 mánaða gamlir miðað við umsóknardag. Einungis er tekið ~~er~~ þátt í þessum kostnaði hjá sama sjóðsfélaga á þriggja ára fresti.

12.9 Fjárhæðir skv. grein 12.8 skulu endurskoðaðar árlega í byrjun hvers ára og breytt í samræmi við hlutfallslega hækkun mánaðarlauna í almennum launaflokki faglærðra leiðsögumanna, nú 4. launaflokki. Yfirlit yfir styrkfjárhæðir skulu birtar á heimasíðu félagsins.

~~12.9~~10 Styrkir til stofnana og félagasamtaka skulu ákveðnir af stjórn sjóðsins hverju sinni skv. gr. 2.2.

~~12.10~~11 Við ráðstöfun fjármuna skv. 12.8 og 12.9 skal þess gætt að möguleiki sjóðsins til að standa við upphaflegar skuldbindingar sínar vegna sjúkdóma og slysa skerðist ekki. Í reglulegri úttekt á afkomu sjóðsins, skv. 6. gr., skal úttektaraðili skoða þennan þátt sérstaklega.

~~12.11~~12 Slysadagpeningar skv. grein þessari greiðast ekki vegna bótaskyldra slysa og atvinnusjúkdóma, þ.m.t. bifreiðaslysa, þar sem bætur greiðast skv. skaðabótalögum.

14. gr. Tilhögun greiðslna úr sjóðnum

14.1 Afgreiðsla sjóðsins skal vera á skrifstofu ~~Félags leiðsögumanna~~ Leiðsagnar og greiðir sjóðurinn allan kostnað sem af rekstri hans leiðir.

14.2 Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um fyrirkomulag á greiðslur úr sjóðnum og aðra starfstilhögun. ~~Dagpeningar skv. reglum sjóðsins skulu greiðast mánaðarlega.~~

14.3 Stjórn sjóðsins og starfsmenn hans skulu hafa að leiðarljósi almennar stjórnsýslureglur um meðferð upplýsinga um umsóknir og afgreiðslu sjóðsins.

14.4 Umsækjandi um greiðslu úr sjóðnum skal leggja fram tilskilin gögn er styðji kröfu hans og veita upplýsingar um tildrög bótakröfu þ.á.m. læknisvottorð. Stjórn sjóðsins getur krafist þess að umsækjandi leggi fram vottorð frá sérstökum trúnaðarlækni sjóðsins.